

VEIÐIMÁLASTOFNUN
Bókasafn

**Rannsóknir á seiðastofnum
á vatnasvæði Miðfjarðarár
árið 2002**

Eik Elfarsdóttir,
Bjarni Jónsson og
Guðmundur Ingi Guðbrandsson

Hólum, febrúar 2003 VMST-N/0301

Inngangur og aðferðir

Athugun á seiðastofnum Miðfjarðarárkerfisins var gerð 29. september – 1. október 2002. Markmið athugananna var að fá yfirlit yfir árgangastyrkleika og útbreiðslu laxa,- bleikju- og urriðaseiða sem og afkomu þeirra, þéttleika og vöxt í ánum. Á grundvelli þessara upplýsinga er lagt mat á heildarástand laxa-, bleikju- og urriðastofna ána.

Seiðastofnar Miðfjarðarárkerfisins voru kannaðir með rafveiðum. Rafveitt var á átta stöðum í Vesturá, sex í Austurá, sjö í Núpsá, fjórum í Miðfjarðará auk rafveiða í kvíslum við Bjargshól og Staðarbakka. Einnig var veitt á einum stað bæði í Urriðaá og Steinstaðaá. Rafveiðistaðir árið 2002 voru þeir sömu og undanfarin ár. Stærð svæðanna sem veitt var á var á bilinu 285 – 720 m². Stærð þeirra var minni þar sem meira virtist af seiðum eða að aðstæður í ánni leyfðu ekki stærra veiðisvæði. Veidd var ein umferð á hverjum stað. Rafveiðistaðir eru valdir með það fyrir augum að fá sem heildstæðasta mynd af seiðabúskap vatnasvæðisins. Því er veitt sem víðast á vatnasvæðinu og rafveiðum valdir staðir eins og kostur er á stöðum sem einkennandi eru fyrir einstaka árkafli.

Öll veidd seiði voru lengdarmæld og vigtuð áður en þeim var sleppt aftur í ána. Þéttleiki seiða var reiknaður út frá fjölda þeirra í hverjum árgangi á hverri stöð þar sem stærð veiðisvæðis er þekkt, gefur þetta aðeins seiðavísitölu en ekki heildarfjölda seiða: $\text{þéttleiki} = (\text{fjöldi seiða} / \text{stærð veiðisvæðis m}^2) * 100\text{m}^2$ (tölur 1-3).

Reiknaður var út ástandsstuðull seiðanna en stuðullinn er reiknaður út frá lengd og þyngd hvers seiðis og segir til um holdafar þess: $\text{ástandsstuðull} = (\text{þyngd (gr)} / \text{lengd}^3 \text{ (cm)}) * 100$. Ástandsstuðull var reiknaður fyrir öll seiði og tekið meðaltal fyrir hvern árgang á hverri stöð (tafla 4).

Einnig var reiknuð út vísitala lífþyngdar árganga á hverri stöð út frá meðalþyngd hvers árgangs á hverri stöð og þéttleika sama árgangs á sömu stöð: $\text{lífþyngd á } 100\text{m}^2 = \text{meðalþyngd (gr)} * \text{þéttleiki á } 100\text{m}^2$ (tafla 5).

Niðurstöður

Vesturá

Í Vesturá var rafveitt á átta stöðum fyrir neðan Rjúkanda. Efsta stöðin (stöð 2, mynd 1) er nokkuð neðan við fossinn, þar reyndist vera frekar mikill þéttleiki vorgamalla (0+) laxaseiða en einnig veiddust þar árgömul (1+), tveggja (2+) og þriggja (3+) ára laxaseiði (tafla 1, mynd 2a). Engin urriðaseiði veiddust í Vesturá og bleikjuseiði aðeins á neðstu stöðinni.

Fyrir neðan Hraunfossa, á stöð 4, (mynd 1) veiddust þrjár árgangar laxaseiða, árgömul, tveggja og þriggja ára. Þéttleiki tveggja ára seiðanna var mestur en minnst var af þriggja ára seiðum (tafla 1, mynd 2a). Sumarið 2001 var þéttleiki árgamalla seiða mjög mikill (samantekt í vinnslu) og eru þau að skila sér ágætlega nú sem tveggja ára seiði.

Næsta stöð sem veitt var á var stöð 6 en hún er neðan Guðnavörðuhyls (mynd 1). Þar veiddist þó nokkuð af vorgömlum og tveggja ára seiðum en einnig fannst vottur af eins og þriggja ára seiðum (tafla 1, mynd 2a).

Neðan Orrustuhyls er rafveiðistaður 8 (mynd 1), þar fundust bæði eins árs og tveggja ára laxaseiði en mest var af þriggja ára laxaseiðum á þessari stöð (tafla 1, mynd 2a).

Á stöð 9 var mestur þéttleiki eins árs seiða sem fannst í Vesturá en einnig veiddist nokkuð af tveggja ára seiðum og vottur fannst af þriggja ára laxaseiðum (tafla 1, mynd 2b).

Rafveitt var einnig neðan Túnhyls (staður 10, mynd 1) og varð þar vart við fjóra árganga laxaseiða, vorgömul til þriggja ára (tafla 1, mynd 2b), þéttleiki hvers árgangs var þó ekki mjög mikill.

Á stað 11 veiddist nokkuð mikið af vorgömlum, eins árs og tveggja ára laxaseiðum en ekki sáust nein þriggja ára seiði á þessum stað (tafla 1, mynd 2b) frekar en árið áður.

Neðsta stöðin í Vesturá var stöð 12 þar veiddist nokkuð af vorgömlum og eins árs laxaseiðum en einnig varð vart við tveggja og þriggja ára seiði (tafla 1). Á þessari stöð fannst einnig vottur af bleikjuseiðum, vorgömlun, eins árs og tveggja ára (tafla 6, mynd 8).

Austurá

Veitt var á einum stað ofan Valsfoss, rafveiðistað 2, þar fannst vottur af bæði vorgömlum og tveggja ára sleppiseiðum (tafla 2, mynd 3a). Sumarið 2001 veiddust engin seiði á þessari stöð.

Á stað 4 (mynd 1) veiddist aðeins af tveggja ára laxaseiðum og nokkuð af bæði tveggja ára sleppiseiðum og þriggja ára náttúrulegum seiðum (tafla 2, mynd 3a). Nokkuð var um kynþroska smáhænga. Árgangarnir sem veiddust sumarið 2001 á þessari stöð voru þeir sömu og nú, nema þá árinu yngri, ekki virðist hafa verið mikil nýliðun náttúrulegra seiða á þessum stað síðustu ár.

Ofan brúar rétt hjá Aðalbóli (staður 5, mynd 1) veiddist nokkuð mikið af vorgömlum sleppiseiðum en einnig fundust þrjú árgangar náttúrulegra seiða, eins, tveggja og þriggja ára (tafla 2). Á þessum stað veiddust einnig eins árs bleikjuseiði (tafla 7, mynd 3a).

Staður 7 er rétt ofan brúar við Skárastaði (mynd 1), þar veiddust vorgömul, eins árs, tveggja og fimm ára laxaseiði (tafla 2, mynd 3b).

Á stöð 9 veiddust einungis tveggja og þriggja ára laxaseiði og var þéttleiki þeirra ekki mikill (tafla 2, mynd 3b).

Rétt ofan við ármót Austurár og Núpsár er neðsti rafveiðistaður í Austurá, staður 10, þar fannst þó nokkuð af eins, tveggja og þriggja ára laxaseiðum (tafla 2). Einnig veiddist vottur af tveggja ára bleikjuseiðum (tafla 7, mynd 3b).

Núpsá

Efsti staðurinn sem rafveitt var á var neðan við Efri Fosskotsfoss (staður 5, mynd 1). Þar veiddist mun minna sumarið 2002 en 2001 þegar veiddust þar fimm árgangar í

nokkuð miklum þéttleika (samantekt í vinnslu). Sumarið 2002 fundust aðeins þrjú árgangar, eins, þriggja og fjögurra ára seiði og var þéttleiki þeirra mjög lítill (tafla 3, mynd 4a). Einnig veiddust tvö þriggja ára urriðaseiði (tafla 11, mynd 14).

Á stöð 7 (mynd 1) veiddust aðeins tvö fjögurra ára laxaseiði (tafla 3, mynd 4a) og var amk annað þeirra kynþroska hængur. Sumarið 2001 veiddust þriggja og fjögurra ára seiði á þessum stað (samantekt í vinnslu).

Fimm árgangar laxaseiða veiddust á stað 8 í Núpsá, þriggja ára seiði voru í talsverðum þéttleika, nokkuð var af bæði eins og tveggja ára seiðum og vart varð við vorgömul og fjögurra ára laxaseiði þó þéttleikinn hafi ekki verið mjög mikill (tafla 3, mynd 4a). Einnig fundust árgömul bleikjuseiði (tafla 8, mynd 10).

Rafveitt var á stað 11 (mynd 1) og veiddust þar þriggja og eins árs laxaseiði í nokkuð miklum þéttleika en einnig var mikið af vorgömlum og tveggja ára laxaseiðum (tafla 3, mynd 4a). Heildarþéttleiki á þessari stöð var mun meiri en árið áður.

Á stað 12 var þéttleiki seiða hinsvegar nokkuð lítill en þó varð fjögurra árganga vart, vorgamalla til þriggja ára laxaseiða (tafla 3, mynd 4b). Í rafveiðum árið áður fannst frekar mikið af árgömlum laxaseiðum og nokkuð af tveggja og þriggja ára seiðum.

Á stað 13 (mynd 1) virtist vera nokkuð af vorgömlum seiðum auk tveggja og þriggja ára seiða (tafla 3, mynd 4b).

Neðsti staður sem veitt var á í Núpsá var rétt ofan ármóta við Austurá og var þar talsverður þéttleiki árgamalla, tveggja og þriggja ára laxaseiða (tafla 3, mynd 4b). Þarna fundust einnig tveggja ára bleikjuseiði (tafla 8, mynd 10).

Miðfjarðará

Staður 1 í Miðfjarðará var á móts við veiðihús (mynd 1) þar var mest af tveggja ára seiðum en einnig veiddust eins og þriggja ára seiði (tafla 4, mynd 5a). Vorgömul bleikjuseiði fundust einnig á þessum stað (tafla 9, mynd 11a).

Rétt neðan við ármót við Vesturá er staður 2b og var þéttleiki laxaseiða þar mjög lítil, aðeins fannst vottur af vorgömlum og eins árs laxaseiðum þar.

Við Grjóthyl, stað 3 (mynd 1), veiddist vottur af bæði eins og tveggja ára laxaseiðum (tafla 4, mynd 5a) en fjórir árgangar laxaseiða veiddust þarna sumarið 2001. Auk laxaseiðanna var aðeins af vorgömlum bleikjuseiðum auk ársgamalla bleikjuseiða (tafla 9, mynd 11a).

Neðan við Staðarbakka er staður 4, neðsti staður sem veitt er á í Miðfjarðará, þar fundust vorgömul og eins árs laxaseiði en þéttleiki þeirra var frekar lítil (tafla 4, mynd 5a). Einnig veiddust vorgömul bleikjuseiði (tafla 9, mynd 11a).

Veitt var í tveimur kvíslum eins og sumarið 2001, við Staðarbakka og Bjargshól. Við Bjargshól veiddist mikið af eins og tveggja ára laxaseiðum ásamt þriggja ára seiðum (tafla 4, mynd 5b).

Í kvíslinni við Staðarbakka var nú svipaður þéttleiki vorgamalla og eins árs laxaseiða og í aðalánni, auk nokkurs þéttleika vorgamalla bleikjuseiða (töflur 4 og 9, myndir 5b og 11b).

Steinstaðaá

Í Steinstaðaá var veitt á einum stað og fannst þar aðeins eitt laxaseiði, þriggja ára gamalt (tafla 5, mynd 6). Einnig veiddust nokkur bleikjuseiði, vorgömul og tveggja ára (tafla 10, mynd 12) og urriðaseiði, eins og tveggja ára (tafla 12, mynd 15).

Urriðaá

Rafveitt var á einum stað í Urriðaá, þar var þéttleiki eins og tveggja ára laxaseiða nokkuð mikill (tafla 5, mynd 7). Auk laxaseiðanna fundust þar vorgömul, tveggja og þriggja ára bleikjuseiði (tafla 10, mynd 13).

Holdafar laxaseiða og lífþyngd eftir svæðum

Reiknaður var ástandsstuðull allra árganga laxaseiða á flestum stöðvum í Miðfjarðarárkerfinu. Ástandsstuðull er reiknaður út frá lengd seiðanna og þyngd.

Stuðull þessi er oftast um eða yfir 1 fyrir laxaseiði og reyndist svo líka vera á flestum stöðum í Miðfjarðarárkerfinu (tafla 13).

Einnig var reiknuð út vísitala lífþyngdar laxaseiðanna og reyndist hún vera mest á hverja 100 m² á stöðum 8 og 11 í Núpsá en þar var töluvert af þriggja og fjögurra ára seiðum (töflur 3 og 14).

Veiðin 2002

Heildarveiði í Miðfjarðarárkerfinu var 749 laxar, 148 bleikjur og 6 urriðar. Allt er þetta undir meðalveiði árána 1974 – 2001 (Guðni Guðbergsson, VMST-R/0207). Laxveiðin er þó að ná sér á strik aftur eftir lægð síðustu tvö ár. Síðan 1974 hefur ekki veiðst minna í kerfinu en veiddist þar sumarið 2001, 433 laxar. Laxveiðin sumarið 2002 var töluvert meiri en sumrin 2000 og 2001. Hlutfall stórlaxa var mun minna í veiðinni 2002 en 2001, sumarið 2001 voru stórlaxar um 35% af heildarveiði en 2002 voru þeir aðeins um 18%.

Í öllum ánum nema Núpsá voru hlutföll hænga og hrygna þannig að um 75% smálaxa voru hængar, í Núpsá voru ekki nema 58% smálaxa hængar. Hrygnur voru 53-67% stórlaxa í Miðfjarðarárkerfinu. Smálaxar voru 74-85% veiðinnar í vatnakerfinu. Laxveiðin var mest eftir miðjan júlí fram í miðjan ágúst nema í Núpsá þar sem veiðin var mest seinni hluta ágúst og í september.

Í Miðfjarðará veiddust 133 laxar og voru 83,5% þeirra smálaxar (töflur 13 og 15). Þrjár urriðar veiddust þar líka og 139 bleikjur. Af þeim löxum sem höfðu verið eitt ár í sjó (smálaxar) voru um 75% hængar en stórlaxar voru flestir hrygnur eða 54,5% (tafla 15). Þyngsti laxinn sem var vigtaður reyndist 9,5 kg en flestir voru þeir 2-3 kg (myndir 16 og 17). Flestir laxanna sem veiddust í Miðfjarðará veiddust frá miðjum júlí fram í miðjan ágúst (mynd 18). Bleikjurnar hinsvegar veiddust nokkuð jafnt allt sumarið þó lítið hafi veiðst í september (mynd 18) og voru þær allar um 0,5-3,0 kg (mynd 16).

Veiði var ágæt í Vesturá, 279 laxar veiddust og var tæplega 50 sleppt aftur (tafla 16), um 85% laxanna voru smálaxar. Þyngd laxanna í Vesturá var 1 – 7,5 kg (mynd 19) og voru þeir flestir veiddir á tímabilinu frá 8. júlí til 8. september, veiddust á því

tímabili 17 – 45 laxar í hverri viku (mynd 21). Aðeins veiddust 3 bleikjur og enginn urriði í Vesturá sumarið 2002 (tafla 4, myndir 19 og 21).

Í Austurá veiddust 302 laxar sumarið 2002, 4 bleikjur og 3 urriðar (töflur 19 og 20). Eins og í hinum ánum veiddist langmest af smálöxum, 77% allra veiddra laxa, flestir smálaxanna voru hængar en rúmur helmingur stórlaxa í Austurá voru hrygnur (tafla 21). Þyngsti laxinn sem veiddist þetta árið var um 8 kg og var það hrygna, hinir laxarnir voru flestir 2,5-3 kg (myndir 22 og 23). Laxveiðin í Austurá var langmest vikuna 22.-28. júlí, 60 laxar. Vikuveiðin var um og yfir 30 laxar frá 8. júlí til 18. ágúst en nokkuð minni eftir það (mynd 24).

Veiddir voru 35 laxar í Núpsá sumarið 2002 og var 21 þeirra sleppt aftur, 9 laxanna sem veiddust voru stórlaxar og voru 6 þeirra hrygnur (töflur 22 og 24). Laxarnir veiddust flestir frá miðjum ágúst til loka veiðitímabilsins um miðjan september (mynd 27). Laxarnir í Núpsá voru 2-7 kg (mynd 25 og 26). Einnig veiddust tvær bleikjur í ánni seinni hlutann í ágúst og voru þær um 1,5 kg (tafla 23, myndir 25 og 27).

Umræður

Ástand seiðastofna Vesturár virðist vera áþekkt því sem það hefur verið síðustu ár þó þéttleiki seiða hafi örlítið verið að aukast milli ára. Allir árgangar nema árgömul seiði voru í meiri þéttleika sumarið 2002 en 2001. Vorgömlu seiðin fundust mun víðar um ána sumarið 2001 en 2002, en það tekur seiðin þó alltaf nokkurn tíma að dreifa sér um árnar og koma vorgömlu seiðin því ekki alltaf fram í rafveiðum fyrsta árið. Seiðin úr hrygningu haustið 2001 gætu því komið fram víðar sem árgömul seiði í rafveiðum 2003. Talsvert minna var af seiðum á tveimur efstu stöðvunum í ánni en áður, þar var nokkuð mikill þéttleiki 2001, en þéttleiki seiða hafði hins vegar aukist neðar í ánni (samantekt í vinnslu).

Seiðastofnar Austurár virðast svipaðir á milli ára, þéttleiki seiða árin 2001 og 2002 var mjög svipaður. Meira fannst af tveggja- og þriggja ára seiðum sumarið 2002 og voru þau mun dreifðari um ána en sumarið 2001 (samantekt í vinnslu). Mjög lítið fannst af vorgömlum seiðum í Austurá í rafveiðum 2002 en hugsanlegt er að meira finnist af þessum árgangi næsta sumar, þá eins árs gömlum. Ganga seiða úr Austurá vorið 2003 gæti orðið nokkuð meiri en síðustu ár því þéttleiki þriggja ára seiða er

töluverður í ánni og sleppiseiði sem sleppt hefur verið að hausti hafa dafnað vel. Seiðasleppingar seint að hausti virðast koma betur út en fyrri sleppingar í vatnakerfið.

Seiðapéttleiki í Núpsá hefur verið á uppleið síðustu þrjú ár og virðist áin vera að rétta aðeins úr kútnum. Náttúruleg laxaseiði eru nú útbreidd um alla ána og péttleiki og ástand laxaseiða í Núpsá með því betra sem þar hefur sést. Nokkuð fannst af vorgömlum seiðum í rafveiðum 2002 en einnig var mikið af þriggja ára seiðum og lítur því út fyrir að ganga seiða úr Núpsá verði mjög góð vorið 2003, svipuð göngu vorsins 2002 og nokkuð meiri en 2001. Það bendir allt til þess að laxagengd í Núpsá sé á mikilli uppleið og að það muni koma vel fram sumrin 2003 og 2004.

Ástand seiðastofna Miðfjarðará hefur verið svipað tvö síðustu ár. Heildarpéttleiki seiða í Miðfjarðará hefur verið mjög mismunandi milli ára frá 1984 en er fremur lítill um þessar mundir (samantekt í vinnslu). Ekki lítur út fyrir að ganga seiða úr Miðfjarðaránni sjálfri verði mikil vorið 2003.

Veitt hefur verið í tveimur kvíslum í Miðfjarðará síðustu tvö sumur auk meiri úttekta sumarið 2000. Við Bjargshól veiddist nú mjög mikið af eins, tveggja og þriggja ára seiðum en minna fannst í kvísl við Staðarbakka. Í kvíslinni við Bjargshól var mesti péttleiki sem fannst á hverja 100m² í Miðfjarðará í rafveiðum 2002. Kvíslirnar koma misvel út eftir árum og hvernig rennsli um þær er. Sérstök athugun á kvíslum í Miðfjarðará og samanburður við aðalanna staðfestir þó svo ekki verður um villst að kvíslirnar í ánni skipta miklu máli fyrir seiðabúskap árinna og þá ekki síst sem búsvæði eldri laxaseiða.

Mjög lítið fannst af laxaseiðum í Steinstaðaá þetta sumarið enda um litla nýliðun að ræða á svæðinu. Seiðastofnar bleikju og urriða virðast svipaðir og fyrr.

Í Urriðaá veiddist hinsvegar talsvert af laxaseiðum og meira en síðustu ár en enn vantar nokkuð upp á að seiðapéttleiki nái því sem hann var árin 1984 – 1996 (samantekt í vinnslu). Nokkuð meira veiddist af bleikjuseiðum sumarið 2002 en 2001 en engin urriðaseiði sáust.

Á heildina lítið virðist ástandið í Miðfjarðarárkerfinu vera sæmilegt. Vorgömul laxaseiði veiddust í öllum ám nema Urriðaá og Steinsstaðaá. Péttleiki og útbreiðsla þeirra var þó misjöfn en það tekur seiðin alltaf nokkum tíma að dreifast um árnar eftir

klak og koma þau því ekki alltaf fram í rafveiðum fyrsta árið. Miðað við þéttleika vörgamalla seiða í Vesturá og Núpsá virðist klak úr hrygningu 2001 hafa tekist nokkuð vel í þeim ám þó það muni koma betur í ljós í rafveiðum sumarið 2003 sem og ástand þessa árgangs í hinum ánum.

Nokkuð misjafnt er hve gömul seiðin í Miðfjarðarárkerfinu eru þegar þau ganga til sjávar (samantekt í vinnslu), flest fara þau þriggja til fjögurra ára en sum fara þó ekki fyrr en fimm ára. Árgangar tveggja og þriggja ára laxaseiða í vatnakerfi Miðfjarðarár voru nokkuð stærri sumarið 2002 en sumarið áður og lítur því út fyrir að göngur úr ánum ættu að verða nokkuð meiri vorið 2003 en 2002.

Almennt séð hefur vatnakerfið verið að skila af sér sterkum gönguseiðaárgöngum sem ættu að koma vel inn í veiðina sumrin 2003 og 2004.

Tafla 1: Þéttleiki veiddra laxaseiða eftir aldri og uppruna á hverja 100m² á rafveiðistöðum í Vesturá í september 2002.

Staður nr.	Stærð (m)	Aldur			
		0+	1+	2+	3+
staður 2	30x20m	5,83	0,83	2,83	0,83
staður 4	40x15m		2,83	4,50	0,33
staður 6	35x17m	4,54	1,01	4,03	1,01
staður 8	30x12m		1,11	1,11	3,06
staður 9	30x15m		3,56	2,22	0,22
staður 10	33x13m	1,86	1,17	1,86	0,47
staður 11	35x10m	3,14	2,86	3,14	
staður 12	35x13m	2,20	1,54	0,44	0,66

Tafla 2: Þéttleiki veiddra laxaseiða eftir aldri og uppruna á hverja 100m² á rafveiðistöðum í Austurá í september 2002.

Staður nr.	Stærð (m)	Aldur						
		0+	0+ss	1+	2+	2+ss	3+	5+
staður 2	20x15m		1,67			0,67		
staður 4	30x15m				0,89	2,00	2,00	
staður 5	35x11m		3,12	0,26	0,78		0,78	
staður 7	35x13m	0,22		0,22			0,88	0,22
staður 9	30x24m				0,28		0,42	
staður 10	23x18m			3,62	3,14		1,45	

Tafla 3: Þéttleiki veiddra laxaseiða eftir aldri og uppruna á hverja 100m² á rafveiðistöðum í Núpsá í september 2002.

Staður nr.	Stærð (m)	Aldur				
		0+	1+	2+	3+	4+
staður 5	75x8m		0,17		0,50	0,17
staður 7	45x12m					0,19
staður 8	33x12m	0,51	1,77	1,52	3,79	0,76
staður 11	28x11m	1,95	3,90	2,27	5,19	
staður 12	28x12m	0,30	0,60	1,79	1,79	
staður 13	40x13m	2,88		0,38	0,77	
staður 14	40x10m		2,00	1,75	1,50	

Tafla 4: Þéttleiki veiddra laxaseiða eftir aldri og uppruna á hverja 100m² á rafveiðistöðum í Miðfjarðará í september 2002.

Staður nr.	Stærð (m)	Aldur			
		0+	1+	2+	3+
staður 1	13x35m		0,88	1,32	0,22
staður 2b	50x10m	0,20	0,20		
staður 3	35x10m		0,29	0,57	
staður 4	30x10m	0,67	0,33		
kvísl-Bjargshóll	38x7,5m		5,26	4,21	1,40
kvísl-Staðarbakki	9x35m	0,32	0,32		

Tafla 5: Þéttleiki veiddra laxaseiða eftir aldri og uppruna á hverja 100m² á rafveiðistöðum í Steinstaðaá og Urriðaá í september 2002.

Staður nr.	Stærð (m)	Aldur			
		0+	1+	2+	3+
Steinstaðaá	45x8m				0,28
Urriðaá	50x8m		2,50	3,00	0,50

Tafla 6: Þéttleiki veiddra bleikjuseiða eftir aldri og uppruna á hverja 100m² á rafveiðistöðum í Vesturá í september 2002.

Staður nr.	Stærð (m)	Aldur			
		0+	1+	2+	3+
staður 2	30x20m				
staður 4	40x15m				
staður 6	35x17m				
staður 8	30x12m				
staður 9	30x15m				
staður 10	33x13m				
staður 11	35x10m				
staður 12	35x13m	0,66	0,22	0,22	

Tafla 7: Þéttleiki veiddra bleikjuseiða eftir aldri og uppruna á hverja 100m² á rafveiðistöðum í Austurá í september 2002.

Staður nr.	Stærð (m)	Aldur			
		0+	1+	2+	3+
staður 2	20x15m				
staður 4	30x15m				
staður 5	35x11m		0,78		
staður 7	35x13m				
staður 9	30x24m				
staður 10	23x18m			0,24	

Tafla 8: Þéttleiki veiddra bleikjuseiða eftir aldri og uppruna á hverja 100m² á rafveiðistöðum í Núpsá í september 2002.

Staður nr.	Stærð (m)	Aldur			
		0+	1+	2+	3+
staður 5	75x8m				
staður 7	45x12m				
staður 8	33x12m		0,25		
staður 11	28x11m				
staður 12	28x12m				
staður 13	40x13m				
staður 14	40x10m			0,25	

Tafla 9: Þéttleiki veiddra bleikjuseiða eftir aldri og uppruna á hverja 100m² á rafveiðistöðum í Miðfjarðará í september 2002.

Staður nr.	Stærð (m)	Aldur			
		0+	1+	2+	3+
staður 1	13x35m	0,44			
staður 2b	50x10m				
staður 3	35x10m	1,14	0,29		
staður 4	30x10m	0,67			
kvísl-Bjargshóll	38x7,5m				
kvísl-Staðarbakki	9x35m	1,27			

Tafla 10: Þéttleiki veiddra bleikjuseiða eftir aldri og uppruna á hverja 100m² á rafveiðistöðum í Steinstaðaá og Urriðaá í september 2002.

Staður nr.	Stærð (m)	Aldur			
		0+	1+	2+	3+
Steinstaðaá	45x8m	0,56		0,83	
Urriðaá	50x8m	0,75		1,25	0,25

Tafla 11: Þéttleiki veiddra urriðaseiða eftir aldri og uppruna á hverja 100m² á rafveiðistöðum í Núpsá í september 2002.

Staður nr.	Stærð (m)	Aldur			
		0+	1+	2+	3+
staður 5	75x8m				0,33
staður 7	45x12m				
staður 8	33x12m				
staður 11	28x11m				
staður 12	28x12m				
staður 13	40x13m				
staður 14	40x10m				

Tafla 12: Þéttleiki veiddra urriðaseiða eftir aldri og uppruna á hverja 100m² á rafveiðistöðum í Steinstaðaá og Urriðaá í september 2002.

Staður nr.	Stærð (m)	Aldur			
		0+	1+	2+	3+
Steinstaðaá	45x8m		0,28	0,83	
Urriðaá	50x8m				

Table 13: Meðalástandsstuðull og staðalfrávik-ástandsstuðulsins fyrir laxaseiði sem veiddist í Miðfjarðará og hitðarárám þennar haustið 2002 eftir aldri seiðanna og rafveðisstöðum.

Staður nr.	0+			1+			2+			3+			4+ / 5+ *			0+SS			2+SS			
	Meðal-ástands-stuðull	Staðal-frávik	Fjöldi seiða	Meðal-ástands-stuðull	Staðal-frávik	Fjöldi seiða	Meðal-ástands-stuðull	Staðal-frávik	Fjöldi seiða	Meðal-ástands-stuðull	Staðal-frávik	Fjöldi seiða	Meðal-ástands-stuðull	Staðal-frávik	Fjöldi seiða	Meðal-ástands-stuðull	Staðal-frávik	Fjöldi seiða	Meðal-ástands-stuðull	Staðal-frávik	Fjöldi seiða	
Vesturá 2	1,13	1,33	35	1,02	0,05	5	1,01	0,04	17	0,96	0,05	5										
Vesturá 4				0,98	0,04	17	0,98	0,06	27	0,99	0,10	2										
Vesturá 6	1,10	0,13	27	1,04	0,09	6	1,03	0,06	24	1,02	0,07	6										
Vesturá 8				0,97	0,02	4	1,00	0,06	4	1,08	0,06	11										
Vesturá 9				1,03	0,05	16	1,05	0,06	10	1,06		1										
Vesturá 10	0,95	0,15	10	0,99	0,06	3	1,02	0,06	8	1,05	0,13	2										
Vesturá 11	1,18	0,18	12	1,07	0,06	10	1,03	0,08	11													
Vesturá 12	1,18	0,58	10	0,90	0,14	7	0,92	0,11	2	0,98	0,13	3										
Núpsá 5				1,14		1				1,14	0,06	3	1,21		1							
Núpsá 7													1,21		2							
Núpsá 8	1,12		1	0,96	0,19	7	1,08	0,05	6	1,05	0,06	15	1,01	0,08	2							
Núpsá 11	1,12	0,22	6	1,00	0,07	12	1,04	0,09	7	1,03	0,04	16			3							
Núpsá 12	1,09		1	1,12	0,03	2	1,14	0,06	6	1,07	0,07	6										
Núpsá 13	1,06	0,14	15				1,07	0,10	2	1,09	0,04	4										
Núpsá 14				1,06	0,07	8	1,02	0,08	7	1,01	0,06	6										
Austurá 2																						
Austurá 4																						
Austurá 5				1,19		1	0,91	0,09	3	1,10	0,06	9	0,92	0,03	5	1,00	0,02	2	1,04	0,05	9	
Austurá 7	1,07		1	1,11		1				0,99	0,10	3										
Austurá 9							0,86	0,10	2	1,01	0,05	3										
Austurá 10				1,01	0,06	15	1,01	0,06	13	1,03	0,04	6	0,27*	0,18	12							
Steinsstaðaa										0,97												
Urriðaa***																						
Miðfj. á 1***																						
Miðfj. á 2b***																						
Miðfj. á 3***																						
Miðfj. á 4	0,70	0,18	2	0,99		1			2													
Kvísl-Bjargshól																						
Kvísl-Staðarbakki	1,14		1	0,83	0,11	15	1,02	0,08	12	1,02	0,04	4										
Allar stöðvar	1,10	0,74	121	0,99	0,11	132	1,02	0,07	165	1,04	0,07	110	1,11	0,12	6	0,95	0,15	17	1,03	0,05	11	
													0,27**		1							

* Seiði sem veiddist á stöð 7 í Austurá var 5+

** heildarástandsstuðull 5+ seiða í vatniakerfi Miðfjarðarár.

***ekki var hægt að vigla seiðin á þessum stöðvum þetta árið.

Tafla 14: Vísitala lífþyngdar (gr) laxaseiða á hverjum 100m² eftir aldri og rafveiðistöðvum. Lífþyngd er reiknuð út frá meðalþyngd hvers árgangs og þéttleikamati.

Staður nr.	Vísitala lífþyngdar (gr/100m ²)								Samtals
	0+	1+	2+	3+	4+	5+	0+ss	2+ss	
Vesturá 2	4,1	2,6	18,4	11,2	0	0	0	0	36,3
Vesturá 4	0	13,5	37,8	6,3	0	0	0	0	57,5
Vesturá 6	4,6	4,5	46,5	16,7	0	0	0	0	72,3
Vesturá 8	0	4,7	11,4	49,6	0	0	0	0	65,7
Vesturá 9	0	17,0	29,2	3,8	0	0	0	0	49,9
Vesturá 10	2,0	5,1	18,3	7,7	0	0	0	0	33,0
Vesturá 11	3,3	13,0	31,4	0	0	0	0	0	47,6
Vesturá 12	3,1	6,3	3,4	8,2	0	0	0	0	21,0
Núpsá 5	0	1,3	0	14,6	6,7	0	0	0	22,6
Núpsá 7	0	0	0	0	7,1	0	0	0	7,1
Núpsá 8	2,5	8,7	11,8	69,0	19,1	0	0	0	111,1
Núpsá 11	2,4	16,7	22,2	89,1	0	0	0	0	130,4
Núpsá 12	0,4	3,7	22,8	34,4	0	0	0	0	61,3
Núpsá 13	4,9	0	3,1	15,8	0	0	0	0	23,8
Núpsá 14	0	10,7	12,6	23,9	0	0	0	0	47,2
Austurá 2	0	0	0	0	0	0	7,5	8,1	15,6
Austurá 4	0	0	12,7	41,2	0	0	0	40,0	93,8
Austurá 5	0	1,8	11,0	18,6	0	0	30,8	0	62,1
Austurá 7	0,3	1,3	0	18,3	0	3,2	0	0	23,2
Austurá 9	0	0	1,8	8,4	0	0	0	0	10,2
Austurá 10	0	19,3	31,7	25,2	0	0	0	0	76,3
Steinsstaðaá	0	0	0	3,5	0	0	0	0	3,5
Urriðaá*	0	0	0	0	0	0	0	0	0,0
Miðfj.á 1*	0	0	0	0	0	0	0	0	0,0
Miðfj.á 2b*	0	0	0	0	0	0	0	0	0,0
Miðfj.á 3*	0	0	0	0	0	0	0	0	0,0
Miðfj.á 4	0,7	1,5	0	0	0	0	0	0	2,2
Kvísl-Bjargshól	0	17,4	39,0	24,2	0	0	0	0	80,7
Kvísl-Staðarbakk	0,5	1,6	0	0	0	0	0	0	2,1

Tafla 15: Fjöldi veiddra og slepptra laxa eftir kyni í Miðfjarðará sumarið 2002.

	Hængar	Hrygnur	Ókyngreint	Samtals
Veiði	91	36	6	133
Sleppt	17	11	0	28
Afli	74	25	6	105

Tafla 16: Fjöldi veiddra og slepptra urriða og bleikju í Miðfjarðará 2002

	Bleikja	Urriði
Veiði	139	3
Sleppt	2	0
Afli	137	3

Tafla 17: Laxveiðin í Miðfjarðará 2002. Skipt eftir aldri í sjó og kyni. Skipting milli smálax og stórlax er við 3,5 kg hjá hrygnum en 4 kg hjá hængum (meðalþ. = meðalþyngd í kg).

Ár í sjó	Hængar			Hrygnur			Ókyngreint			Samtals		
	Fjöldi	Meðalþ.	%	Fjöldi	Meðalþ.	%	Fjöldi	Meðalþ.	%	Fjöldi	Meðalþ.	%
1	83	2,6	74,8	24	2,5	21,6	4	2,3	3,6	111	2,6	83,5
2	8	4,6	36,4	12	5,9	54,5	2	4,5	9,1	22	4,5	16,5
Óvíst	0		0,0	0		0,0	0		0,0	0		0,0
Alls	91	2,8	68,4	36	3,6	27,1	6	3	4,5	133	2,8	

Tafla 18: Fjöldi veiddra og slepptra laxa eftir kyni í Vesturá sumarið 2002.

	Hængar	Hrygnur	Ókyngreint	Samtals
Veiði	191	86	2	279
Sleppt	28	19	0	47
Afli	163	67	2	232

Tafla 19: Fjöldi veiddra og slepptra urriða og bleikju í Vesturá 2002

	Bleikja	Urriði
Veiði	3	0
Sleppt	0	0
Afli	3	0

Tafla 20: Laxveiðin í Vesturá 2002. Skipt eftir aldri í sjó og kyni. Skipting milli smálax og stórlax er við 3,5 kg hjá hrygnum en 4 kg hjá hængum (meðalþ. = meðalþyngd í kg).

Ár í sjó	Hængar			Hrygnur			Ókyngreint			Samtals		
	Fjöldi	Meðalþ.	%	Fjöldi	Meðalþ.	%	Fjöldi	Meðalþ.	%	Fjöldi	Meðalþ.	%
1	175	2,6	73,5	61	2,5	25,6	2	2,7	0,8	238	2,5	85,3
2	15	4,8	37,5	25	5,1	62,5	0		0,0	40	5	14,3
Óvíst	1		0,0	0		0,0	0		0,0	1		0,4
Alls	191	2,7	68,5	86	3,2	30,8	2	2,7	0,7	279	2,9	

Tafla 21: Fjöldi veiddra og slepptra laxa eftir kyni í Austurá sumarið 2002.

	Hængar	Hrygnur	Ókyngreint	Samtals
Veiði	205	91	6	302
Sleppt	20	14	0	34
Afli	185	77	6	268

Tafla 22: Fjöldi veiddra og slepptra urriða og bleikju í Austurá 2002

	Bleikja	Urriði
Veiði	4	3
Sleppt	0	0
Afli	4	3

Tafla 23: Laxveiðin í Austurá 2002. Skipt eftir aldri í sjó og kyni. Skipting milli smálax og stórlax er við 3,5 kg hjá hrygnum en 4 kg hjá hængum (meðalþ. = meðalþyngd í kg).

Ár í sjó	Hængar			Hrygnur			Ókyngreint			Samtals		
	Fjöldi	Meðalþ.	%	Fjöldi	Meðalþ.	%	Fjöldi	Meðalþ.	%	Fjöldi	Meðalþ.	%
1	174	2,8	74,7	56	2,6	24,0	3	2,5	1,3	233	2,7	77,2
2	29	5,1	45,3	34	5,4	53,1	1	3,6	1,6	64	5,2	21,2
Óvíst	2		0,0	1		0,0	2		0,0	5		1,7
Alls	205	3,1	67,9	91	3,6	30,1	6	1,8	2,0	302	3,2	

Tafla 24: Fjöldi veiddra og slepptra laxa eftir kyni í Núpsá sumarið 2002.


	Hængar	Hrygnur	Ókyngreint	Samtals
Veiði	17	16	2	35
Sleppt	7	12	2	21
Afli	10	4	0	14

Tafla 25: Fjöldi veiddra og slepptra urriða og bleikju í Núpsá 2002





	Bleikja	Urriði
Veiði	2	0
Sleppt	2	0
Afli	0	0

Tafla 26: Laxveiðin í Núpsá 2002. Skipt eftir aldri í sjó og kyni. Skipting milli smálax og stórlax er við 3,5 kg hjá hrygnum en 4 kg hjá hængum (meðalþ. = meðalþyngd í kg).





Ár í sjó	Hængar			Hrygnur			Ókyngreint			Samtals		
	Fjöldi	Meðalþ.	%	Fjöldi	Meðalþ.	%	Fjöldi	Meðalþ.	%	Fjöldi	Meðalþ.	%
1	15	2,6	57,7	10	2,5	38,5	1	2,5	3,8	26	2,6	74,3
2	2	4	22,2	6	5,3	66,7	1	3,5	11,1	9	4,8	25,7
Óvíst	0		0,0	0		0,0	0		0,0	0		0,0
Alls	17	2,8	48,6	16	3,6	45,7	2	3,0	5,7	35	3,1	






Mynd 1. Yfirlitskort af vatnasvæði Miðfjarðarár. Rafveiðistaðir eru merktir inn á kortið.






Mynd 2a: Lengdar- og aldurssdreifing veiddra laxaseiða í Vesturá í september 2002.







Mynd 2b: Lengdar- og aldursdreifing veiddra laxaseiða í Vesturá í september 2002.




Mynd 3a: Lengdar- og aldursdreifing veiddra laxaseiða í Austurá í september 2002.







Mynd 3b: Lengdar- og aldurssdreifing veiddra laxaseiða í Austurá í september 2002.





Mynd 4a: Lengdar- og aldurssdreifing veiddra laxaseiða í Núpsá í september 2002.




Mynd 4b: Lengdar- og aldurssdreifing veiddra laxaseiða í Núpsá í september 2002.




Mynd 5a: Lengdar- og aldurssdreifing veiddra laxaseiða í Miðfjarðará í september 2002.




Mynd 5b: Lengdar- og aldurssdreifing veiddra laxaseiða í Miðfjarðará í september 2002.





Mynd 6: Lengdar- og aldursdreifing veiddra laxaseiða í Steinstaðaá í september 2002.




Mynd 7: Lengdar- og aldursdreifing veiddra laxaseiða í Urriðaá í september 2002.




Mynd 8: Lengdar- og aldursdreifing veiddra bleikjuseiða í Vesturá í september 2002.




Mynd 9: Lengdar- og aldursdreifing veiddra bleikjuseiða í Austurá í september 2002.




Mynd 10: Lengdar- og aldurssdreifing veiddra bleikjuseiða í Núpsá í september 2002.




Mynd 11: Lengdar- og aldursdreifing veiddra bleikjuseiða í Miðfjarðará í september 2002.




Mynd 12: Lengdar- og aldurssdreifing veiddra bleikjuseiða í Steinstaðaá í september 2002.






Mynd 13: Lengdar- og aldurssdreifing veiddra bleikjuseiða í Urriðaá í september 2002.




Mynd 14: Lengdar- og aldursdreifing veiddra urriðaseiða í Núpsá í september 2002.




Mynd 15: Lengdar- og aldursdreifing veiddra urriðaseiða í Steinstaðaá í september 2002.





Mynd 16: Þyngdardreifing veiddra laxa, bleikju og urriða í Miðfjarðará sumarið 2002.




Mynd 17: Þyngdardreifing veiddra laxa í Miðfjarðará sumarið 2002 eftir kyni.




Mynd 18: Vikuleg lax-, bleikju- og urriðaveiði í Miðfjarðará árið 2002.




Mynd 19: Þyngdardreifing veiddra laxa og bleikju í Vesturá sumarið 2002.




Mynd 20: Þyngdardreifing veiddra laxa í Vesturá sumarið 2002 eftir kyni.




Mynd 21: Vikuleg lax- og bleikjuveiði í Vesturá árið 2002.





Mynd 22: Þyngdardreifing veiddra laxa, bleikju og urriða í Austurá sumarið 2002.




Mynd 23: Þyngdardreifing veiddra laxa í Austurá sumarið 2002 eftir kyni.




Mynd 24: Vikuleg lax-, bleikju- og urriðaveiði í Austurá árið 2002.



Mynd 25: Þyngdardreifing veiddra laxa og bleikju í Núpsá sumarið 2002.



Mynd 26: Þyngdardreifing veiddra laxa í Núpsá sumarið 2002 eftir kyni.



Mynd 27: Vikuleg lax- og bleikjuveiði í Núpsá árið 2002.